

Veitur ohf.  
Bæjarháls 1  
110 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2024  
UST202404-319/P.V.B.  
09.04.00

### Efni: Leyfi til framkvæmda í Rauðhólum

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Veitur ohf, dagsett, 26. apríl 2024, um leyfi til framkvæmda innan Rauðhóla.

Rauðhólar eru friðlýstir sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 185/1974](#). Óheimilt er að gera á svæðinu mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

#### Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að grafa tvær holur 3x4 m innan fólkvangsins. Kort sem sýnir staðsetningu holana fylgdi með umsókn. Tilgangurinn er að leita að kaldvatnslögn sem liggur þarna meðfram aðalæð vatnsveitu Veitna. Aðkoma vinnuvéla verður eftir malastíg sem liggur meðfram aðalvatnsæðinni. Að verkinu kæmu 2-4 starfsmenn og er ráðgert að framkvæmda verkið í maí 2024.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins til lengri tíma litið sé farið að skilyrðum leyfisins. Viðbúið er að rask verði á framkvæmartíma og mögulegt að að gestir verði fyrir truflunum. Mat Umhverfisstofnunar er að hægt sé að draga úr þeim áhrifum sé farið að skilyrðum leyfisins.

#### Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Veitum ohf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Rauðhóla sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 30. maí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdanna.
- Merkja skal hjáleiðir fyrir gesti svæðisins þar sem við á.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
**sviðsstjóri**

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
**sérfræðingur**